

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir

Fyrirlestur, H.Í., 30. apríl 2008

## **Þróun stjórn mála í Suður Afríku**

### **Umbrotatímar í ungu lýðveldi**

“Umbrotatímar í ungu lýðveldi” er fyrirsögn þessa erindis og er þá vísað bæði til þess að hið suður-afríska lýðveldi er ungt, eða aðeins 14 ára,- og þess að undanfarið ár hafi miklar hræringar átt sér stað innan Afrísku þjóðarfylkingarinnar ANC, sem hefur setið við stjórnvölin í landinu frá því að fyrstu frjálsu kosningarnar fóru þar fram árið 1994 og Nelson Mandela varð forseti – í einhverjum mesta sigri mannréttindabaráttu sem sögur fara af. Þær hræringar sem nú eiga sér stað innan ANC tengjast þróun hreyfingarinnar úr andspyrnuhreyfingu í stjórn málaflokk, en einnig ýmsum málum eins og alvarlegum kærumálum á hendur formanns ANC, Jakobi Zuma. Sumir stjórn mála skýrendur, eins og hinn margreyndi Allister Sparks, telja að árið framundan sé hið hættulegasta sögu hins unga lýðveldisins. Ætlun mín er að gefa innsýn inn í stjórn mála þróunina eins og hún blasir við á vettvangi í SA og víkka svo rammann til nágrannríkjanna eftir því sem tími vinnst til.

### **Forsaga**

#### **MYND: Kort af sunnanverðri Afríku**

SA er lang öflugasta ríkið í sunnanverðri Afríku, leiðandi SADC svæðið (14 ríki). Hún er efnahagslegur risi miðað við hin ríkin og stjórn mála leg miðja svæðisins. Hræringar í SA hafa því áhrif á löndin í kring – sem flest eru í umdæmi sendiráðsins í Pretoríu,

## **MYND: Helstu söguatriði að neðan og samsetning landsmanna.**

Við skulum rifja upp örfá atriði í stjórnmalasögu SA á síðustu öld.

Í kjölfar Búastríðsins 1899-1902 var Sambandsríki Suður Afríku (Union of South Africa) stofnað árið 1910, sem sjálfstjórnarríki innan breska heimsveldisins. Kosningarétt og kjörgengi höfðu hvítir einir, hinn svarti meirihluti var réttindalaus með öllu. Hvíti minnihlutinn, kom sér upp umgengnisreglum við svarta sem gerðu ráð fyrir takmörkuðum samskiptum, eða aðskilnaði – apartheid. Eftir heimstyrjöldina síðari voru þessar aðskilnaðarreglur færðar í lög.

Árið 1961 sagði SA sig úr lögum við breska samveldið vegna gagnrýni innan þess á aðskilnaðarstefnuna. 1994 Lýðveldið SA (Republic of SA) stofnað með nýrri stjórnarskrá.

Afríska þjóðarfylkingin ANC á rætur að rekja til ársins 1912 sem andspyrnuhreyfing gegn hinni illræmdu aðskilnaðarstefnu. Framan af var borgaraleg óhlýðni helsta baráttuaðferð hennar en árið 1961 hóf hreyfingin vopnaða baráttu gegn stjórnvöldum og var í kjölfarið víða um heim skilgreind sem hryðjuverkahreyfing. Margir liðsmenn hennar dvöldu árum saman í útlegð og aðrir í fangelsi eins og Nelson Mandela. Það er athyglisvert að nýlega kom fram á Bandaríkjaþingi tillaga um að hreyfingin og frammámenn hennar verði tekin af lista yfir hryðjuverkahreyfingar – en þar er hún enn. Ég mun ekki fara nánar út í sögu þessarar hreyfingar, enda er hún vel þekkt, en um 1990 höfðu aðstæður breyst á þann veg að þáverandi forystumaður aðskilnaðastjórnarinnar, F.W. de Klerk hóf samningaviðræður við hreyfinguna og lyktaði þeim með nýrri stjórnarskrá og stofnun lýðveldis árið 1994. Reyndir diplómatar í SA segja að de Klerk hafi aldrei ætlað sér að veita svörtum fullan kosningarétt, en meðal annars fyrir þrýsting annarra ríkja, varð sú raunin. ANC vann yfirburðasigur í

kosningunum 1994 og hefur flokkurinn síðan setið einn við stjórnvölinn í landinu með yfirgnæfandi fylgi.

## **Staðan núna**

**MYND: Kosningatölur** úr síðustu kosningum, næstu 2009

Við þessar aðstæður er stjórnarandstaðan áhrifalítil og heldur vonlítil um að komast til valda. Það má því segja að Suður Afríka sé í reynd “einsflokkslýðræði”, einn flokkur fer með völdin en hann er kosinn í lýðræðislegum kosningum. Það sem gerist innan ANC hefur úrslitabýðingu fyrir landsstjórnina og kosningar um menn og málefni á landsfundi flokksins eru í raun mikilvægari en almennar kosningar í landinu. Þar ræðst hvaða einstaklingar veljast til forystu og hver málefna stefnan er.

Um leið og flokkurinn hefur þetta ægivald í suður-afrískum stjórnámálum hafa lýðræðisferlin innan hans verið gagnrýnd. Flokkurinn er auðvitað gömul byltingahreyfing og hefur í valdatíð sinni þurft að aðlaga sig að því að vera stjórnámálaflokkur í opnu lýðræðiskerfi. Hollusta við flokkinn er mikilvæg og meðlimir hans kalla hvern annan enn “comrades” að gömlum sið. Oft virðist einnig sem flokksmenn skynji sig enn í andspyrnu þótt ekki sé alltaf ljóst gegn hverju þar sem þeir fara með völdin.

## **Mbeki**

### **MYND: Mbeki**

Thabo Mbeki forseti SA hefur verið einn helsti ráðamaður flokksins frá því í kosningunum 1994. Hann var varaforseti hjá Mandela í 5 ár og hefur sjálfur setið á forsetastóli í 9 ár. Hann hefur stjórnað flokknum samkvæmt hefðum hans, en sumir félagar hans hafa gagnrýnt hann fyrir að stjórna landinu án samráðs við flokkinn og sópa völdum til forsetaembættisins. Hann er miðjumaður í stjórnámálum, hefur gengið þvert á vinstriannaðar hugmyndir í efnahagsstjórninni og var reyndar talinn óvilhallur Lenínískri hugmyndafræði flokksins á andspyrnuárunum. Árangur ríkisstjórnar hans í efnahagsmálum er umtalsverður og fram á mitt síðasta ár virtist flest með kyrrum kjörum í landsstjórninni undir forystu hans.

## **Zuma**

### **MYND: Zuma**

Jakob Zuma var varaforseti Suður Afríku við hlið Mbeki til ársins 2006 og fram til þess augljós arftaki forsetans. Árið 2005 var hann ákærður fyrir nauðgun en var sýknaður. Stúlkan sem kærði hann hefur síðan flúið land og verið veitt pólitískt hæli í Hollandi. Ýmis ummæli Zuma við réttarhöldin urðu honum til álitshnekkis. Hann vissi að stúlkan var eyðnismituð en gerði ekki viðeigandi ráðstafanir - nauðgun. Þegar hann var spurður að því hvers vegna ekki – fór í sturtu – síðan teiknaður af skopmyndateiknarum Zapiro með sturtuhaus upp úr höfðinu.

### **MYND: Zuma með sturtuhausinn**

Myndir Zapiros eru birtar í mörgum blöðum í SA og í fjölmiðlum er fjallað um stjórn málin opinskátt og af áhuga. Þetta með sturtuna sem ráð við eyðni varð stórmál í Suður Afríku þar sem stjórnvöld heyja að því er virðist vonlausa

baráttu við eyðni og skólabörnum er frá unga aldri innrætt að nota smökk við samfarir.

Árið 2006, eða ári eftir nauðgunarmálið, lagði ríkissaksóknari fram ákæru á hendur Zuma fyrir spillingu vegna mútupægni í samskiptum við franskt vopnasölufyrirtæki. Þessi samskipti fóru um hendur Schabir Sheik, fjármálaráðgjafa Zuma og hefur Sheik verið dæmdur í 15 ára fangelsi. Máli Zuma var hins vegar vísað frá dómstólum vegna vanreifunar en ríkissaksóknari hélt rannsókn málsins áfram. Þegar kæran kom fram rak Mbeki forseti Zuma sem varaforseta landsins, en Zuma hélt stöðu sinni sem varaforseti ANC. Stuðningsmenn Zuma telja að kærufærið gegn honum sé samsæri runnið undan rifjum Mbeki.

Þegar kom fram á síðasta ár og styttest tók í landsfund ANC (í des. 2007) þar sem kjósa átti formann flokksins var ljóst að til átaka myndi koma á milli Mbeki og Zuma og stuðningsmanna þeirra. Mikið var í húfi því ef ANC héldi yfirburðastöðu sinni í næstu þingkosningum var í formannskosningunum á landsfundinum í raun verið að kjósa um næsta forseta landsins.

### **Landsfundur ANC í Polokwane, desember 2007.**

Landsfundurinn var settur sunnudaginn 16. desember í Polokwane (borg norðan við Pretoríu). Hann varð sögulegur og það svo að menn telja hann sögulegasta stjórnmalaviðburð í SA frá 1994. Sjónvarpað var beint frá setningu fundarins, sem ég fylgdist með, og ljóst var að mikil undiralda var meðal fundarmanna strax í upphafi fundarins.

#### **MYND: Zuma og Mbeki í Polokwane**

Formannskjörið var sveipað dulúð og spennu því samkvæmt reglum ANC er ekki leyfilegt að bjóða sig formlega fram til embætta innan flokksins. Menn geta gefið í skyn að þeir gefi kost á sér en hugmyndin er sú að flokksmenn komist að

samkomulagi um forystumenn sína frekar en að um opna kosningabaráttu á milli þeirra sé að ræða. Þetta fyrirkomulag kemur að sjálfsögðu í veg fyrir að menn geti opinskátt boðið sig fram til forystu.

Svæðisbundnum flokkseiningum og samtökum innan flokksins, sem velja landsfundarfulltrúa, er hins vegar leyfilegt að tilnefna í stöður innan hans. Fyrir fundinn var ljóst að Zuma hafði tryggt sér stuðning stoðhreyfinga flokksins; verkalyðshreyfingarinnar COSATU, ungliðahreyfingarinnar og Komúnistaflokksins sem er í bandalagi við ANC. Það kom hins vegar mörgum á óvart þegar kvennahreyfing flokksins lýsti yfir stuðningi við Zuma og tilnefndi enga konu í helstu stjórnunarstöður flokksins þrátt fyrir að reglur hans kveði á um að hlutfall kynjanna í stjórnunarstöðum skuli vera jafnt.

Menn höfðu nokkrar áhyggjur af því að ef Zuma tapaði formannskjörinu á landsfundinum gæti komið til vopnaðra átaka eftir þjóðflokkalínunum. Frá KwaZuluNatal, heimafylki Zuma, bárust þær fréttir að stuðningsmenn hans væru tilbúnir til vopnaðrar baráttu. Upp úr 1990 tókst naumlega að koma í veg fyrir að þjóðflokkafylkingum skylli saman með vopnum og ljóst er að enn kraumar undir.

Þetta voru óþarfa áhyggjur því þegar úrslit í formannskjörinu lágu fyrir síðla kvölds þann 18. desember var ljóst að Jakob Zuma hafði unnið yfirburðasigur, hlaut 2.329 atkvæði, en Mbeki 1.505 atkvæði. Í kjöri til framkvæmdastjórnar flokksins töpuðu liðsmenn Mbeki unnvörpum. Liðsmenn Zuma skipa því flestar áhrifastöður innan ANC nú.

### **MYND: Fagnaðarlæti á landsfundinum**

Mikil fagnaðarlæti brutust út á fundinum þegar þessi úrslit lágu fyrir og þúað var á Mbeki. Slík hegðun mun ekki hafa sést áður á landsfundum ANC.

Zumasöngurinn “Farðu og sæktu vélbyssuna mína” var sunginn hástöfum , dansað, klappað og úllað. (Gamall frelsisbaráttusöngur segir Zuma)

## **Skýringar á tapi Mbeki**

Það má spyrja hvers vegna sitjandi formaður flokksins og forseti landsins hafi fengið þessa útreið. Slíkt hefur ekki gerst áður. Enginn sýnilegur munur er á stefnu Mbeki og Zuma, sem sagði þrúfaldlega að hann hyggðist fylgja þegar samþykktri stefnu flokksins í einu og öllu yrði hann kjörinn. Skýringa á tapi Mbeki virðist því ekki vera að leita í á sviði stefnumála en ýmislegt annað getur komið til:

### **MYND: Skýringar**

- *Þróun ANC úr andspyrnuhreyfingu í lýðræðislegan stjórnmalaflokk.*  
Mbeki og Zuma eru jafngamlir og hafa starfað álíka lengi innan ANC. Stjórnunarstíll Mbeki er af gamla skólanum og byggir á þeim flokksaga sem tíðkaðist innan ANC á meðan flokkurinn var andspyrnuhreyfing. Zuma hefur hins vegar tamið sér framkomu sem er meira í ætt við það sem tíðkast í meðal stjórnmalamanna í lýðræðisríkjum. Sú staðreynd að hann var í framboði yfirleitt (án þess að segja það) vísar einnig í sömu átt. Hann virðist því vera “nú tímalegri” stjórnmalamaður en Mbeki og það gæti átt þátt í vinsældum hans. Frá þessu sjónarhorni gæti ein skýringin á kjöri hans legið í þróun ANC úr byltingarhreyfingu í stjórnmalaflokk.
- *Andspyrna.* Andspyrna er samgróin ANC og mótar enn sýn margra flokksmanna. Það er hins vegar erfitt að vera í andspyrnu þegar flokkurinn fer með öll völd í landinu. Það má því velta fyrir sér hvort andspyrnuþörfin hafi fundið sér farveg í andspyrnu gegn Mbeki og að með því að velta honum úr sessi hafi menn séð fyrir sér enn einn sigur andspyrnunnar.

- *Breytt samsetning flokksmanna.* Hlutfall svartra lítt menntaðra karla hefur aukist verulega meðal flokksmanna og endurspegladist það í kjöri landsfundarfulltrúa - á kostnað kvenna og kynþátta annarra en svartra. Hópurinn sem kjörinn var til að sitja landsfundinn var því öðruvísi samsettur en áður tíðkaðist. Það hjálpaði Zuma sem höfðaði einkum til karla og þeirra sem minna bera úr bótum efnahagslega. Það má því segja að sá flokkur sem kaus Zuma til forystu í Polokwane hafi ekki verið sami flokkur og sá sem kaus Mandela og Mbeki á sínum tíma.
- *Vinstrisveifla.* Þótt Zuma hafi sagt að hann myndi fylgja þegar samþykktri stefnu flokksins ef hann yrði kjörinn telja sumir að hann hafi gert baksamninga við verkalýðshreyfinguna og Kommúnistaflokkinn um að færa stefnu ANC til vinstri frá miðjustefnu Mbeki. Ein skýring á kjöri hans gæti því verið vinstrisveifla í flokknum.
- *Sofnað á verðinum.* Ljóst er að Mbeki og menn hans áttuðu sig ekki á fylgi Zuma né hvernig hann vann skipulega að kjöri sínu innan valdastofnanna flokksins fyrr en of seint var orðið að snúa vörn í sókn. Andvaraleysi Mbeki er því ein skýring á úrslitum formannskjörsins.
- *Leiðtogatómarúm.* Eftir að Mbeki rak Zuma úr embætti varaforseta árið 2006 hafði hann ekki við hlið sér sýnilegan arftaka. Hvað framtíðarforystu flokksins og þar með landsins varðar myndaðist því tómarúm og inn í það sigldi Zuma á fullri ferð og hafði sigur. Sumir fréttaskýrendur telja að nokkrum vikum fyrir landsfundinn hefði ANC getað sameinast um “þriðja manninn” hefði slíkur verið fyrir hendi en svo var ekki.



## Afleiðingar

### MYND: Mbeki /Zuma

Þessi úrslit í formanns- og framkvæmdastjórnarkjöri ANC eru einhver mestu tíðindi í SA stjórnmálum síðan 1994 og nú má spyrja hvað þau þýði fyrir stjórnmálaþróunina í Suður Afríku – og um leið áhrif Suður Afríku í sunnanverðri Afríku?

*Tvær valdamiðjur.* Ljóst er að í flokknum hafa myndast tvær valdamiðjur og að togstreita er á milli þeirra. Zuma-menn hafa komið sínum mönnum fyrir í helstu áhrifastöðum og ríkisstjórnin og flokkurinn eru ekki alltaf samstíga í ýmsum málum. Fyrst eftir landsfundinn í Polokwane héldu menn að flokkurinn gæti klofnað en það virðist ólíklegt nú, liðsmenn Zuma og Zuma sjálfur leggja áherslu að loka þurfi þeim áttakalínunum sem mynduðust í formannskjörinu og efla samheldnina í flokknum. (Ef flokkurinn hefði klofnað í tvær fylkingar hefði myndast grunnur undir lýðræðislegt fjölflokkakerfi í landinu.)

*Hver ræður?* Þar sem Mbeki situr í embætti fram á árið 2009 er ekki um það að ræða að nýkjörinn formaður ANC taki við forsetaembættinu. Spurning er hvor ræður – formaður flokksins, Zuma, eða Mbeki forseti landsins sem situr í embætti í krafti flokksins? Hingað til hefur formaður og forseti verið sami maðurinn svo ekki hefur reynt á þetta áður. Zuma lét reyndar hafa eftir sér í síðasta mánuði á Mbeki réði engu en dró það fljótt til baka, enda getur það varla talist ANC né SA til framdráttar að forseti landsins “ráði engu”. Hver ræður hverju og hvenær er samt viðvarandi spurning.

## **Kærumál**

Þá eru það kærumálin. Menn voru varla búnir að jafna sig eftir úrslit landsfundarins í Polokwane, þegar ríkissaksóknari kastaði sprengju inn á hinn pólitíska vettvang og birti nýja ákæru á hendur Zuma í yfir 200 liðum. Frá því að máli Zuma var vísað frá dómi haustið 2006 vegna vanreifunar hafði sérstök rannsóknardeild við embætti ríkissaksóknara, **Scorpions**, unnið að frekari rannsókn þess og fundið fleiri kærufni. Zuma er nú ekki einungis kærður fyrir að hafa þegið mútur í tengslum við áðurnefndan vopnasölusamninga heldur einnig fyrir fjárkúgun (racketering), fjársvik (fraud), peningaþvætti, skattsvik og spillingu. Málið verður dómtekið í Hæstarétti 14. ágúst og er þessi langi frestur ætlaður til að gefa lögfræðingum Zuma tíma til að undirbúa vörnina. Ljóst er að málinu lýkur ekki fyrr en á árinu 2009 og mjög líklega ekki fyrir þingkosningarnar það ár.

Það er skemmst frá því að segja að þegar nýja ákæran á hendur Zuma var birt varð uppi fótur og fit. Stuðningsmenn hans og þá ekki síst forystumenn verkalýðshreyfingarinnar og ungliðahreyfingar ANC voru stóryrtir og sökuðu Mbeki og ríkisstjórnina um að leggja Zuma í einelti af pólitískum hvötum. Dugði lítið þótt embætti ríkissaksóknara aftæki með öllu að nokkur tengsl væru milli útgáfu ákærunnar og handhafa framkvæmdavaldsins. Jafnvel komu fram hótanir um að ef málið yrði dómtekið þá yrði “blood on the floor”, eða gripið til vopna.

## **Dregið úr sjálfstæði dómstóla**

Fréttaskýrendur hafa bent á að hér sé áhyggjuefni á ferð því þessi viðbrögð sýni að sjálfstæði ákærvaldsins og dómstóla sé dregið í efa og að með síendurteknum stóryrðum í þá veru sé grafið undan þessum lykilstofnunum.

**MYND: Stjórnlagadómstóllinn eða dómarrar Hæstaréttar**

Þar með hrikni í stoðum þeirrar stjórnskipunar sem kveðið er á um í stjórnarskrá. Stuðningsmenn Zuma segja að þeir muni beita sér fyrir að mál hans verði ekki dómtekið – kemur í ljós í ágúst.

Þá er að nefna að fyrir þinginu liggur frumvarp til laga, borið fram af ríkisstjórninni, sem gerir ráð fyrir að öll stjórn dómstóla (administration and budget) verði færð til dómsmálaráðherra, að hann geti beitt neitunarvaldi gagnvart úrskurði dómstóla og að forseta landsins verði veitt aukið vald til að skipa dómara stjórnlagadómstóls og forseta hæstaréttar. Frumvarpinu hefur verið mótmælt af lögmönnum og dómurum sem telja að með því sé dregið verulega úr sjálfstæði dómstóla og aukið vald fært í hendur framkvæmdavaldsins. Þegar einn flokkur er lang stærstur eins og í SA er hætta á að framkvæmdavaldið og löggjafarvaldið falli saman og benda lögmenn á að því mikilvægara sé að tryggja sjálfstæði dómstóla til að varðveita þrískiptingu valdsins.

## **Scorpions**

### **MYND:Scorpions (Sporðdrekar)**

Landsfundarmenn í Polokwane vissu að Zuma gat átt yfir höði sér ákæru þegar þeir kusu hann formann ANC, en þeir kusu hann samt. Vitað er einnig að ýmsir aðrir frammámenn í flokknum sæta rannsókn af hálfu Scorpions svo að Zuma er ekki einn á báti. Í þessu samhengi er athyglisvert að landsfundurinn í Polokwane samþykkti að leggja niður þessa sér-rannsóknardeild ríkissaksóknara og færa hana undir ríkislögreglustjóra, sem hefur auðvitað sína rannsóknardeild. Á milli Scorpions og lögreglunnar hefur ríkt spenna síðan sérdeildin var stofnuð 1999.

Scorpions hafa náð afar góðum árangri í starfi þar sem 90% af þeim málum sem þeir hafa rannsakað og hafa farið fyrir dóm hafa endað með sakfellingu. Það á hins vegar aðeins við um 10% af þeim málum sem lögreglan hefur rannsakað.

Menn hafa bent á að ekkert vit sé í að leysa upp jafn áhrifaríka sérsveit sem þessa, ekki síst í landi með eina hæstu glæpatíðni í heimi. Þjóðin er heldur ekki alls kostar sátt við þetta. Í nýlegri skoðanakönnun kom í ljós að 59% aðspurðra vildu að Scorpions yrðu áfram sjálfstæð rannsóknardeild ríkissaksóknara, 26% vildu að hún færi undir lögregluna og 12% voru óákveðnir.

En hver eru þá rök ANC fyrir að leggja Scorpions niður? Það var lengstum heldur óljóst en eftir því sem Mantashe, formaður framkvæmdarstjórnar ANC sagði nýlega, telur flokkurinn að sérsveitin sé orðin að pólitísku afli sem ráðist gegn flokknum með kærur á hendur frammámönnum hans. Sérsveitin hafi andúð á flokknum og sé jafnvel höll undir apartheid. Nóg sé af glæpamönnum í landinu sem þurfi að hafa hemil á og að þeim eigi sérsveitin að beina athygli sinni frekar en að forystumönnum ANC. (Mantashe, PN 16.4) Þetta geta verið hættuleg rök því þau má skilja á þann veg að flokkshagsmunir eða eiginhagsmunir séu ANC efst í huga í þessu máli.

Twistur eða flækja í þessu máli er að í febrúar gaf ríkissaksóknari út ákæru á hendur Selebi ríkislögreglustjóra vegna meintra tengsla hans við skipulögð glæpasamtök. Scorpions höfðu rannsakað málið. Selebi, sem annars hefði orðið yfirmaður Scorpions við flutning þeirra til lögreglunnar, sagði af sér og einnig sem einn af yfirmönnum Interpol.

## **Málflutningur stjórnarandstöðu og verkefni í landsstjórninni**

### **MYND:Zille**

Mál sem þessi móta nú stjórnsmálaþróunina í SA og rétt að skoða í stuttlega hvað stjórnarandstaðan hefur um málin að segja. Helen Zille, formaður DA, stærsta stjórnarandstöðuflokksins og langöflugasta talsmaður stjórnarandstöðunnar, hefur sakað ANC og ríkistjórnina um að koma í veg fyrir opna umræðu um

Scorpion málið og fleiri átakamál með því að birta ekki nauðsynlegar upplýsingar og vera ekki til viðræðu fyrir stjórnarandstöðuna. Hún bendir einnig á að blikur séu á lofti á öðrum sviðum: ANC sé með í bígerð að setja á fót fjölmiðladómstól á vegum þingsins og að þar með verði dregið verulega úr sjálfstæði fjölmiðla (sem vissulega virkar sem beittasta stjórnarandstaðan í landinu). Jafnframt séu í bígerð ný lög sem þrengja mjög að því hvaða upplýsingar fjölmiðlum er heimilt að birta.

Einnig bendir hún á að í aðdraganda þingkosninganna 2009 hafi þingtíminn verið skertur verulega og telur að ANC sé meira í mun að eiga við vandamálín í eigin flokki en vandamál þjóðarinnar – enda geri þeir ekki greinarmun á þjóðinni og flokknum. Með öðrum orðum sakar Zille ANC og ríkistjórnina um að vega að hinu opna þjóðfélagi þar sem lýðræðisleg umræða um verkefni líðandi stundar geti farið fram.

### **MYND: SA í öryggisráðnu**

Ef hún hefur rétt fyrir sér þá má sjá speglun þess í framgöngu SA í öryggisráði SP, þar sem SA situr nú og er í forsæti þessa stundina. Í öryggisráðinu hefur SA ekki viljað ræða eða taka afstöðu til mannréttindabrota t.d. í Myanamar á þeirri forsendu að slíkt sé innanríkismál þessara ríkja. Tutu: hvað ef menn hefðu litið svo á mannréttindabrot aðskilnaðarstjórnarinnar á sínum tíma? SA vill heldur ekki taka ástandið í Zimbabwe á dagskrá ÖR og segir að það sé mál sem eigi að leysa innan Afríku, á vettvangi SADC og AU, afrískar lausnir á afrískum vandamálum. En dagarnir líða, kosningatölur í forsetakjörinu eru ekki birtar, og ofbeldið í Zim eykst án þess að afrískar lausnir komi í ljós. Kofi Annan, fyrrv. aðalframkvæmdastjóra SP, lét hafa eftir sér í síðustu viku að þögnin um málefni Zim væri “deafening” eða ærandi og að Afríka yrði að taka ákveðið á þessu máli tafarlaust. Sjálfur stendur Annan í ströngu í Kenía.

Zim er heilt mál út af fyrir sig og efni í annan fyrirlestur - en ef við skoðum viðbrögðin í SA þá virðast forystumenn þar ekki alveg samstíga um hvernig taka skuli á ástandinu í Zim. Mbeki, forseti SA, hefur um hríð verið sérstakur sáttasemjari SADC ríkja í málefnum Zim og beitt aðferð sem nefnd hefur verið “quiet diplomacy” (softly, softly) - eða reynt að hnika málum með samningaviðræðum sem bundnar eru trúnaði. Með þeim hætti náði hann fram breytingu á kosningareglum sem gerður kosningarnar gagnsærri en ella. Hins vegar vakti það almenna reiði víða um heim, svo ekki sé minnst á í SA, þegar hann lét hafa eftir sér eftir fund með Mugabe 12. apríl að engin kreppa (krísa) væri í Zimbabwe þótt kosningatölur í forsetakjöri hefðu ekki verið birtar tveimur vikum eftir kosningarnar.

### **MYND: Mbeki og Mugabe**

Mbeki var reyndar á leið á neyðarfund SADC ríkja vegna Zimbabwe þegar hann lét þessi ummæli falla. Hann kom við í Harare á leiðinni á fundinn og hitti Mugabe sem hafði neitaði að mæta því að Tzwingirai, formanni stjórnarandstöðuflokksins, sem að öllum líkindum hefur unnið kosningarnar, var boðið á SADC fundinn.

Strax vikuna eftir kosningarnar þann 29. mars kallaði Zuma hins vegar eftir því að kosningatölur yrðu birtar og hefur ítrekað það síðan. Eftir að Mbeki hafði látið krísukommentið frá sér fara fundaði framkvæmdastjórn ANC og sagði að vissulega væri krísa í Zim, annað væri að stinga höfðinu í sandinn. Í lok síðustu viku sagðist ANC svo vilja ræða beint við Zanu-PF, flokk Mugabe um ástandið í Zim. Togstreitan á milli valdamiðjanna tveggja í SA stjórnámálum birtist því skýrt í þessu máli.

## **MYND: SADC ríkin**

Aðkoma SA, sem leiðandi ríkis á svæðinu, er þar af leiðandi nokkuð tvístígandi. Það jákvæða er þó að umræða um þetta mál, og önnur þar sem valdamiðjurnar eru ekki sammála, er miklu opnari en áður var. Sumir tala jafnvel um að ný pólitísk orðræða sé að verða til í SA sem minni á tíð Nelson Mandela á forsetastóli – opin umræða um álitamál en ekki lokuð innan ríkisstjórnar sem fer með völdin bæði í landi og flokki – þvert á það sem stjórnarandstaðan heldur fram.

Ég er því ekki alls kostar sammála Allister Sparks þegar hann segir að árið framundan sé hættulegasta árið í sögu hins unga lýðveldis – mjög áhugaverðir hlutir séu að gerast í SA stjórnámálum og ljóst er að enginn einn aðili getur stjórnað framvindunni. Það kann að virka hættulegt en er í raun aðeins lýðræðislegt. Það er ljóst að ástandið í Zim ruggar bátnum alvarlega og að það ásamt stjórn málaþróuninni í SA mun verða prófsteinninn á hvernig mál æxlast á næstunni.

Að undanteknu Zim hefur hagvöxtur verið mikill undanfarin á í sunnanverðri Afríku, reyndar aldrei meiri, stjórnvöld hafa víða tekið risaskref í bættri stjórnsýslu, uppbyggingu þjónustu hvers konar og við lausn vandamála. Það er því blómlegt í þessum heimshluta og hafa margir, þar á meðal Kínverjar, áttað sig á að þar eru mikilvæg viðskiptatækifæri. Það eru þó þrjú vandamál, sem ég ætla að minnast stuttlega á að lokum, sem munu hafa afgerandi áhrif á þróun mála í sunnarverðri Afríku á næstunni og sem stjórnámálamenn þurfa að takast á við.

## **Rafmagnsskortur.**

### **MYND: Afríka að næturlagi**

Orkuskortur er viðvarandi í Afríku og þar á meðal í SA. Nú er svo komið að rafmagn er skammtað þar með tilheyrandi afleiðingum fyrir atvinnulífið og heimilin í landinu. Orkuveitan (Eskom) hefur farið fram á allt að 60% hækkun smásöluverðs á rafmagni til að draga út notkun og álagi á kerfið og hefur ríkisstjórnin hefur tekið undir það en flokkurinn vill skoða málið nánar.

Þetta ástand er auðvitað alvarlegt fyrir atvinnulífið í landinu og ljóst er að erlend fyrirtæki hugsa sig tvisvar um áður en þau fjárfesta í landi sem ekki getur skaffað rafmagn. Þessi rafmagnsskortur hefur svo að áhrif á nágrannalöndin sem sum hver treysta á kaup á rafmagni frá SA. Þar sem SA er að auki viðskiptalegt hlið að löndunum fyrir ofan er ljóst að þau munu einnig súpa seiðið af þessu með færri erlendum fjárfestum – en erlendir fjárfestar er einmitt það sem Afríku vantar.

## **Glæpirnir.**

### **MYND: Löggan**

- Glæpatíðni í heiminum er næst hæst í SA. Það skiptir miklu máli fyrir nágrannaríkin hvernig SA tekur á þessu máli því glæpirnir flæða inn í löndin í kring, landamæravarsla lítil, og grafa þar undan stöðugleika og öryggi íbúanna.



## **Hækkun matvælavæðs**

### **MYND: Kornöx á akri**

Hækunin a.m.k. 40% í heiminum síðasta ár skv. UN. Þetta veldur að sjálfsögðu miklum usla í ríkjum þar sem fátækt er mikil og mun hafa mikil áhrif um alla sunnanverða Afríku. Ekki er enn ljóst hvernig valdamiðjurnar í SA stjórnámálum spilast út í þessu alvarlega máli en ljóst er að í löndum þar sem fátækt er mikil, eins og í sunnaverðri Afríku, mun þessi gífurlega hækkun matvælavæðs hafa mikil áhrif og þar á meðal á stjórnarfarið.

## **Niðurlag**

Afríkumenn hafa löngum tekist á við erfið verkefni og leyst þau við mun erfiðari aðstæður en nú eru. Menn eru því engan vegin illa í stakk búnir til að takast á við þessi mál – en hvernig menn gera það – og þar koma stjórnálin inn - mun hafa mikil áhrif um alla sunnanverða Afríku.